

Brunavarnir A-Húnavatnssýslu

AÐALFUNDUR – 23. september 2009

Aðalfundur Brunavarna A-Húnavetninga var haldinn miðvikudaginn 23. september 2009 kl. 13:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2008.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Skýrsla formanns.
4. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
5. Umræður um skýrslur.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Lagður var fram ársreikningur ársins 2008. Helstu niðurstöður ársins eru:

Tekjur	krónur	1.918.265
Rekstrargjöld	krónur	19.590.853
Framlög sveitarfélaga	krónur	15.866.501

Niðurstaða ársins, tap krónur (1.846.750)

Eigið fé í árslok krónur 826.948

2. Umræður urðu um reikninga og af þeim loknum var ársreikningur ársins samþykktur samhljóða.
3. Lögð fram skýrsla formanns stjórnar um starfssemi félagsins frá síðasta aðalfundi. Stjórnin hefur haldið nokkra fundi og unnið að breytingum á bakvaktakerfi í samvinnu við slökkviliðsmenn.
4. Lögð fram starfsskýrsla slökkviliðsstjóra frá síðasta aðalfundi. Útköll á árinu 2008 voru 8 og eru þau 6 það sem af er árinu 2009. Af útköllum ársins eru 4 vegna bruna en 2 vegna bíslýsa. Haldnar eru reglulegar æfingar mánaðarlega og sótt hafa verið 3 námskeið. Brunamálastofnun og Vinnueftirlit tóku út aðstöðu til hleðslu slökkvitækja og gildir hún í 3 ár. Unnið hefur verið að eldvarnareftirliti og forvörnum á árinu.
5. Umræður urðu um skýrslu slökkviliðsstjóra og skýrslu stjórnarformanns.
6. Önnur mál.
 - a) Lögð fram tillaga frá stjórn þar sem lagt er til að ráðist verði í skipulagsbreytingar hjá Brunavörnum A-Húnavatnssýslu. Núverandi skipulag byggir að stofni til á samingi milli 8 sveitarfélaga en í dag eru rekstraraðilar 2. Markmið með skipulagsbreytingum er að koma á

- skilvirkara starfi og leita leiða til að auka hagkvæmni í rekstri slökkviliðsins. Fundurinn samþykkti heimild til stjórnar að ganga til skipulagsbreytinga og að þær verði lagðar fyrir sveitarstjórnir.
- b) Formaður greindi frá því að varaslökkviliðsstjóri hafi stefnt Brunavörnum vegna breytinga á bakvöktum sem unnið hefur verið eftir í samstarfi við slökkviliðsmenn hjá Brunavörnum A-Hún.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 14:15

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson

Ágúst Þór Bragason

Gróa Lárusdóttir

Jens P. Jenssen

Valgarður Hilmarsson

Arnar Þór Sævarsson

Björn Magnússon

Tryggvi Jónsson

Andrés I. Leifsson, slökkviliðsstjóri